
Leyfa eingöngu fastakúnnum að bóka á netinu

Síðast uppfært 02/09/2026 4:11 pm BST

Langar þig að bjóða þínum fastakúnnum að bóka hjá þér á netinu en vilt ekki að nýir kúnnar geti bókað hjá þér á netinu? Þá ertu á réttum stað.

Hvar stilli ég þetta?

1. Farðu undir **starfsmenn**.
2. Smelltu á viðkomandi starfsmann.
3. Smelltu á flipann **netbeiðnir.**
4. Taktu hakið af **leyfa bókanir frá nýjum viðskiptavinum.**



Ef þú ert með afhakað í **leyfa bókanir frá nýjum viðskiptavinum** þá munu eingöngu viðskiptavinir sem hafa hafa bókað hjá þér áður geta bókað tíma hjá þér á netinu.

Dæmi um notkun

Jóhanna er snyrtifræðingur sem hefur starfað í greininni í mörg ár og byggt upp traustan kúnnahóp. Eftirspurn frá núverandi viðskiptavinum er orðin svo mikil að hún hefur ekki tök á að taka við nýjum viðskiptavinum.

Til að stýra þessu hefur Jóhanna stillt bókunarkerfið þannig að aðeins fastakúnnar geti bókað tíma hjá henni á

netinu. Með þessu tryggir hún að núverandi viðskiptavinir geti bókað tíma á einfaldan og þægilegan hátt, á sama tíma og hún sparar sér tíma sem annars færi í að bóka tíma handvirkt fyrir viðskiptavini sína.

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbúbbluna eða á netfangið hq@noona.is.
